



## Menningin í Uglukletti - „Andinn“ í húsinu

Í Uglukletti höfum við jákvæðni, virðingu, kurteisni, samkennd, hlýju og gleði að leiðarljósi í samskiptum okkar hvert við annað auk þess sem við munum eftir því að hrósa. Við byggjum hvert annað upp og sýnum samstöðu með því að horfa á sterkar hliðar hvers einstaklings, hvort sem um börn, starfsfólk eða foreldra er að ræða, og ýtum undir skapandi hugsun. Við leitumst við að hafa afslappað og heimilislegt andrúmsloft en jafnframt séu krefjandi aðstæður til staðar þar sem allir geta fundið áhugavert verkefni við sitt hæfi. Við ýtum undir frumkvæði og sjálfstæði auk þess sem við erum óhrædd við að stíga út fyrir rammann. Við vinnum með hæfileika, styrkleika og áhuga einstaklingsins og finnum leiðir til að nýta þá sem best í skólasterfinu. Okkur finnst mikilvægt að hver einstaklingur finni að hann hafi eitthvað að segja um aðstæður sínar og verkefni þannig að ákveðið frjálstræði og sveigjanleiki er til staðar. Við leitumst við að kenna börnunum að bera virðingu fyrir sjálfum sér og sínum þörfum auk þess að bera virðingu fyrir öðrum og sjónarmiðum þeirra. Það að kunna að geta valið hvað sé best fyrir sjálfan sig og þannig haft stjórn á eigin lífi er undirstaða sjálfræðis og þess að vera virkur í lýðræðislegu samfélagi.

Bæði börn og starfsfólk fá að finna til ábyrgðar á verkefnum og vinna saman á jafnréttisgrundvelli. Við gerum ekki ráð fyrir að aðrir lesi hugsanir okkar, við segjum það sem okkur finnst og það sem við erum að hugsa. Við gerum auk þess ekki ráð fyrir að vita hvað aðrir eru að hugsa svo við spyrjum og öflum okkur upplýsinga frekar en að draga okkar eigin ályktanir. Á þann hátt eigum við heiðarleg samskipti sem byggja á virðingu fyrir skoðunum annarra. Við í Uglukletti komum fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur því þannig líður öllum best. Við leitumst við að undirbúa börnin undir framtíðina, sem enginn veit hvað ber í skauti sér. Af þeim sökum leggjum við megin áherslu á að efla félagslega hæfni, færni í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði barnanna því við teljum það gott veganesti út í lífið.

## Starfsmenn

Hlutverk starfsmanna í Uglukletti er að veita öryggi, umhyggju og hlýju auk þess að búa börnunum gott og fjölbreytt námsumhverfi en þannig erum við stuðningur við nám barnanna. Við vinnum með allar daglegar athafnir barnanna og kennum þeim í sem flestum aðstæðum. Við höfum sem fjölbreyttastar námsaðstæður og viðfangsefni til staðar. Börnin velja sér viðfangsefni sjálf en það er hlutverk starfsfólksins að hjálpa barninu við að ná því besta fram úr hverjum efnivið og styðja þannig við nám hvers barns á þess eigin forsendum. Þau fá tækifæri til að skoða efniviðinn, gera tilraunir, reka sig á, læra af aðstæðunum og finna sínar lausnir án þess að starfsmaður grípi of fljótt inn í. Í starfsmannahóp okkar eru áhugasamir, faglegir starfsmenn sem eru duglegir að grípa tækifæri sem upp koma í daglegu lífi til kennslu.